



Kópavogi, 15. september 2021
2108436/510.03 ADK

Geirland. Malarvinnsla. Endurnýjun starfsleyfis. Umsögn skipulagsfulltrúa.

Á fundi skipulagsráðs þann 6. september 2021 var lagt fram erindi Páls Stefánssonar heilbrigðisfulltrúa f.h. Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis dags. 10. ágúst 2021 varðandi umsókn um starfsleyfi samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit í Geirlandi v. Suðurlandsveg. Starfsemin felst í rekstri á flokkunarvél, lager og söluaðstöðu jarðefna.

Einnig var lagt fram minnisblað HHK um úttekt á starfseminni dags. 19. júní 2018 og gildandi starfsleyfi dags. 15. október 2018.

Í ofangreindu erindi er óskað eftir upplýsingum um hvort áformuð starfsemi samræmist gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun, byggðapróun og lóðarskilmála.

Í gildandi Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 er Geirland v. Suðurlandsveg á óbyggðu svæði ÓB-2 (malarvinnslan) og íbúðarbyggð ÍB-8.

Óbyggð svæði eru skilgreind sem svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja og annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 eru markmið óbyggðra svæða að þau verði náttúruleg, sjálfbær og vöktuð. Umgengni um óbyggð svæði verði án þess að raska náttúru þeirra og lífríki. Unnið verði áfram að uppgræðslu á óbyggðum svæðum í upplandi Kópavogs og þess gætt að starfsemi á svæðinu skaði þau ekki. Hvatt verði til aukinnar notkunar óbyggðra svæða í upplandinu með fræðsluefni svo að gestir og gangandi geti með nærgætni notið þessara svæða í enn ríkari mæli. Óbyggð svæði verði metin með tilliti til aukinnar verndunar.

Áformuð starfsemi er ekki að öllu leiti í samræmi við aðalskipulag hvað landnotkun og byggðapróun varðar en ekki er með öllu tekið fyrir að starfsemi sem ekki skaðar umhverfið sé heimiluð.

Í ofangreindu minnisblaði HHK kemur fram að núverandi starfsemi á lóðinni sé í „þokkalegum gir miðað við að hún fer fram inni á vatnsverndarvæði utan samþykkt skipulags. Ljóst er að þar ræður metnaður hans mestu um. Hliðstæð starfsemi í höndum annarra aðila gæti verið mikið verri.“ Af því má ráða að starfsemin sem sé svæðinu ekki skaðleg.

Virðingarfyllt,

Auður D. Kristinsdóttir
Auður D. Kristinsdóttir
Skipulagsfulltrúi